



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. apríl 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting og flokkar veitingastaða), 704. mál.

Samtök ferðapjónustunnar (samtökin) hafa farið yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting og flokkar veitingastaða), 704. mál og hafa eftirfarandi athugasemdir.

Samtökin hafa tekið þátt í endurskoðun laganna og taka undir þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Boðaðar breytingar eiga, ásamt bættu umhverfi leyfisveitinga, skýru eftirliti og ótvíræðum viðurlögum, að stuðla að betra rekstrarumhverfi greinarinnar. Gríðarlega mikilvægt er að endurskoðun laganna verði framhaldið þar sem hér er aðeins um fyrsta skref að ræða.

Í dag eru starfandi á gistimarkaðnum hér á landi fjöldi aðila, sem margir hverjir reka tugi íbúða undir formerkjum heimagistingar án tilskilinna leyfa. Samtökin benda í því samhengi á að þau hafa margoft bent á að mikið af íbúðargistingu sem í framboði er, er rekin án þess að að rekstraraðilar hafi til þess tilskilin leyfi og skili sköttum af starfsemi.

Samtökin eru þess fullviss að boðuð breyting á skilgreiningu heimagistingar, sem miðar að því að skilgreindir aðilar geti boðið fram lögheimili sitt eða eina aðra eign í allt að átta vikur á ári, sé til þess fallin að gera umhverfi leyfisveitinga skýrara. Þeir sem eru með starfsemi í stærri eignum og/eða eru með lengra rekstrartímabil en átta vikur eru þá með umfangsmikla starfsemi og falla undir sömu skilyrði og aðrir rekstraraðilar gististaða þurfa að hlíta. Þó benda samtökin á að ofangreind breyting á skilgreiningu heimagistingar gangi ekki upp nema með því að efla eftirlit og gera það skilvirkara.

Samtökin leggja til að samhliða þeim breytingum sem boðaðar eru í frumvarpinu verði reglugerðum breytt þannig að öllum rekstraraðilum verði gert skylt að birta leyfisnúmer sín í allri sölu og markaðssetningu en slíkt mun stuðla að skilvirkara eftirliti. Þetta er afar brýnt í ljósi þess að heimasíður eins og Airbnb eru settar upp með þeim hætti að nákvæm staðsetning á íbúðum er falin og er ekki gefin upp fyrir en eftir greiðslu. Þannig má halda því fram með gildum rökum að slíkar heimasíður séu í raun rammi utan um leyfislauða starfsemi og hannaðar með þeim hætti að afar erfitt er að finna íbúðirnar fyrir þá aðila sem hafa með höndum eftirlit með atvinnustarfsemi. Samtökin leggja einnig áherslu á að til framtíðar verði innlendum sem erlendum bókunaraðilum gert skylt að skila ríkisskattstjóra upplýsingum um umfang starfsemi sinnar hér á landi.

Samtökin fagna því að með boðuðum breytingum sé gert ráð fyrir að samræma tímabil sem fellur undir gistingu gegn gjaldi í ekki lengur en 30 daga og að öðrum lögum verði breytt til samræmis.

Samtökin eru fylgjandi þeim breytingum sem gerðar eru á flokkum veitingastaða sem gera ráð fyrir að ákvæði um opnunartíma falli brott enda á það að vera á færi hvers sveitarfélags fyrir sig að meta opnunartíma með tilliti til skipulags.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson